



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Umhverfisráðherra
Svandís Svavarsdóttir
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 1. október 2009

Efni: Úrskurður umhverfisráðuneytisins, dags. 29. september 2009, um að fella úr gildi ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 25. mars 2009, um að ekki skuli fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar Suðvesturlínur, styrking raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi, og öðrum framkvæmdum sem tengjast álveri í Helguvík.

Skipulagsstofnun ákvað þann 25. mars 2009 að ekki skyldi fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum Suðvesturlínu og tengdum framkvæmdum. Þann 17. september sl. gaf Skipulagsstofnun út álit sitt á mat á umhverfisáhrifum Suðvesturlínu. Þar kemur fram að matsskýrsla framkvæmdaaðila uppfylli skilyrði laga en að rétt sé leyfisveitendum að setja tiltekin skilyrði fyrir framkvæmdum til þess að draga úr meintum neikvæðum áhrifum þeirra.

Samkvæmt 14. gr. laga 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum geta hagsmunaaðilar eða umhverfisverndarsamtök skotið ákvörðun Skipulagsstofnunar varðandi umhverfismat til umhverfisráðherra og er kærufrestur einn mánuður frá tilkynningu um ákvörðun stofnunarinnar. Kærufrestur var því til 25. apríl. Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands kærðu ákvörðun Skipulagsstofnunar með bréfi, dags. 24. apríl 2009.

Samkvæmt sömu grein tilvitnaðra laga hefur umhverfisráðherra síðan tvo mánuði til að kveða upp úr um gildi kærunnar. Þannig átti úrskurður ráðuneytisins lögum samkvæmt að liggja fyrir í lok júní. Það gerðist ekki.

Rúmunum þremur mánuðum eftir að tilskilinn frestur rann út, þ.e. 29. september 2009, kveður ráðherra upp þann úrskurð að ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 25. mars 2009 sé felld úr gildi og skuli á ný tekin til efnislegrar meðferðar.

Samtök atvinnulífsins telja úrskurð ráðherra ólögmætan þegar af þeirri ástæðu að hann er upp kveðinn löngu eftir að tilskilinn tímafrestur er útrunninn. Þar að auki voru reglur stjórnslulaga nr. 37/1993 um málsmeðferð og andmælarétt ekki virtar við meðferð málsins.

Samtök atvinnulífsins minna á aðild ríkisstjórnarinnar, og þar með umhverfisráðherra, að stöðugleikasáttmálanum, dags. 25. júní 2009, þar sem segir: „Ríkisstjórnin mun greiða götu þegar ákveðinna stórframkvæmda sbr. þjóðhagsáætlun, s.s. framkvæmda vegna álvera í Helguvík og Straumsvík. Undirbúningsvinnu verði hraðað vegna

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

áforma sem tengjast fjárfestingu í meðalstórum iðnaðarkostum, s.s. gagnaverum og kísilflöguframleiðslu. Kappkostað verður að engar hindranir verði af hálfu stjórnvalda í vegi slíkra framkvæmda eftir 1. nóvember 2009.“ Úrskurður ráðherra gengur í berhögg við þessa yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og setur sáttmálann í uppnám þar sem ljóst er að málið tefst svo mörgum mánuðum skiptir.

Af framangreindum ástæðum skora Samtök atvinnulífsins á umhverfisráðherra að afturkalla hinn ólögmdæta úrskurð. Að öðrum kosti munu samtökin bera fram kvörtun við umboðsmann Alþingis og/eða leita leiða til þess að fá úrskurðinum hnekk fyrir dómstólum.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri

Afrit sent forsætisráðherra.

